

Dalabyggð
B.t. Sveitarstjórnar
Stjórnsýsluhús Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Hróðnýjarstaðir, 26. okt. 2020

Efni: Beiðni Skipulagsstofnunar um frestun á auglýsingu á breytingu aðalskipulags

Ágæta sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar,

Um leið og við þökkum afgreiðslu á erindum okkar um framlengingu á stöðuleyfi og um vinnu við deiliskipulag lýsum við yfir vonbrigðum okkar með afgreiðslu á ósk Skipulagsstofnunar um að tefja verkefni okkar um ófyrirsjáanlegan tíma vegna viðauka við landsskipulagsstefnu.

Eins og kemur fram í bréfi okkar frá 10. september s.l. á þessi ósk stofnunarinnar sér ekki stoð í lögum.

Hvað um það. Til að reyna að átta okkur á töfunum sem við stöndum frammi fyrir leitum við nú svara við nokkrum spurningum varðandi þetta:

1. Hver er málsmeðferðin við viðauka við landsskipulagsstefnu?
2. Hvenær má ætla að hér verði um löggilt plagg að ræða?
3. Ætlar sveitarstjórn að breyta skipulagsáætlunum sínum í samræmi við plagg áður en það er orðið lögformlegt eða bíða þar til málsmeðferð lýkur?

Við óskum svara við þessum spurningum en þó umfram allt óskum við þess að málið verði tekið aftur upp í sveitarstjórn hið fyrsta og afgreiðslu þess breytt með þeim hætti að nýtt aðalskipulag vegna vindorkugarðs að Hróðnýjarstöðum verði sett í auglýsingu í samræmi við lögbundið ferli slíkra mála.

Með virðingu og þökk,

F.h. Storm orku ehf.



Sigurður E. Jóhannesson